

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2008

Tilvísun: UST20080200126/bs

### Breytingar á veglínu í öðrum áfanga Norðausturvegar til Vopnafjarðar.

Við er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða óverulegar færslur á veginum að undanskilinni breytingu á Millidalaleið og legu Norðausturvegar við sorphauga Vopnafjarðar.


Helsta breyting á Millidalaleið felst í því að upphafsstöð vegarins verður við stöð 31200 á Norðausturvegi í stað stöðvar 32550. Að líkindum mun ný lega vegarins hafa minni áhrif á votlendi miðað við gróðurkort. Að öðru leyti virðast áhrif þessara leiða vera nokkuð svipuð. Færsla vegarins við sorphauga hefur í för með sér nokkra röskun votlendis. Framkvæmdaaðili telur þó að í heild muni fyrirhugaðar breytingar á veglínu fela í sér sambærilega röskun votlendis og fyrri veglína þar sem ýmsar breytingar felast í því að fyrri veglína er færð úr votlendi á þurrara land.

Í nokkrum tilfellum er talið að breytingar muni hafa jákvæð sjónræn áhrif í för með sér. Ekki er talið að umræddar breytingar muni hafa veruleg áhrif á efnistöku. Vegagerðin mun hafa samráð við Umhverfisstofnun um frágang nýrra skeringa vegna umræddra breytinga.

Umhverfisstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar hafi verið aflað nægjanlegra upplýsinga um þau svæði sem fyrirhugaðar breytingar ná til.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreindar breytingar á veglínu í öðrum áfanga Norðausturvegar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson



Hjalti J Guðmundsson  
forstöðumaður